

Guðrún Erla Gunnarsdóttir f.v. hjúkrunarforstjóri Sjálfsbjargarheimilisins



Ég ætlaði að verða kaupfélagsstjóri

segir Guðrún Erla Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og hjúkrunarforstjóri Sjálfsbjargarheimilisins í Reykjavík til 30 ára eða frá árinu 1988 til ársins 2018. Hún lét slag standa og hætti störfum löngu áður en hún hafði náð þeim aldri sem venjulega er kallaður eftirlaunaaldur.

Móðir Guðrúnar Erlu var, Kristín Stefánsdóttir, fædd árið 1919, deyr árið 1988. Faðir hennar Gunnar Björgvinsson var fæddur árið 1912 en hann deyr árið 1958. Fyrstu fjögur börn þeirra hjóna fæddust austur á Eskifirði þar sem fjölskyldan bjó fyrstu árin. Systkini Guðrúnar Erlu, sem fæddust fyrir austan, eru Þórhildur Ingibjörg f. 1941, Björgvin Stefán f. 1943, d. 24. desember 2015, Sigurrós f. 1945, Guðný Stefanía f. 1948. Árið 1951 flutti fjölskylda suður og settist að í Blómabænum Hveragerði og þar fæddist Guðrún Erla árið 1954 og síðast kom Ingibjörg Dagmar árið 1957.



Efri röð f.v. Björgvin Stefán, Þórhildur Ingibjörg og Sigurrós. Neðri röð f.v. Guðrún Erla í fangi móður sinnar, Ingibjörg Dagmar í fangi föður síns og síðan Guðný Stefanía.

Ég valdi kakósúpu með tvíbökum

Í mínu minni var lífið dans á rósum í Hveragerði allt þar til hann pabbi minn dó. Þá breyttist allt. Hann andaðist á Landspítalanum 1. desember árið 1958. Ég var einungis fjögurra ára gömul og Ingibjörg Dagmar litla systir mín varla komin af höndum. Pabbi minn var mikill dugnaðarforkur, þótti skemmtilegur maður og mikill snyrtipinni fyrir utan að vera yndislegur faðir eða það finnst okkur öllum börnunum hans. Pabbi starfaði m.a. sem aðstoðarmaður hermanna á Reyðarfirði á Eskifjarðarárunum. Hann var mikill tungumálamaður og túlkaði þar m.a. milli breskra hermanna og Íslendinga á stríðsárunum þangað til hann var ráðin tollstjóri Austurlands. Síðasti vinnustaður hans var í Steingrímsstöð en þar vann hann sem túlkur milli danskra verktaka og Íslendinga.

Pabbi var jarðsettur í dómkirkjunni í Reykjavík. Kirkjan í Hveragerði var ekki komin til sögunnar þá. Pabbi minn var sjálfstæðismaður. Það þótti mikill heiður á þeim tíma að Gunnar Thoroddsen fv. forsætisráðherra var einn af þeim sem báru kistu hans úr kirkju. Þennan dag máttum við velja hvert og eitt okkar hvað við fengum í kvöldmat. Ég valdi kakósúpu með tvíbökum.

Ég átti Silver Cross, ljósbláan!

Þarna stóð hún móðir mín ein eftir með sex börn. Já, nei, nei, veistu það, að ég fann aldrei fyrir neinni fátækt. Kannske skorti eitthvað á stundum það getur alveg verið en ég minnst þess ekki. Ég held líka að það hafi ekki margir búið við mikið ríkidæmi í Hveragerði á þessum árum. Við skárum okkur ekkert úr held ég. Ég átti margar dúkkur og æðislega flottan dúkkuvagn sem Rósa systir mín gaf mér; Silver Cross, ljósbláan! Það var sko ekkert smá að eiga svoleiðis dúkkuvagn í þá daga. Svo safnaði ég frímerkjum, leikaramyndum og servíettum eins og gengur og gerist. Ég losaði mig ekki við servíettunarnar fyrr en árið 2018! Öll systkini mín fóru fljótt að vinna og unnu mikið alla tíð til að hjálpa við aðföng hvers konar og svo fengum við stundum gefins föt og þau voru svo nýtt frá barni til barns. Ég fór líka að vinna um leið og ég gat, byrjaði 10 ára gömul.



Þá man ég það allt í einu heldurðu ekki að ég hafi verið spurð að því af barnabarni mínu fyrir nokkru hvort það hafi verið jafnmikið jafnrétti þegar ég var ung eins og núna er? Þá rifjaðist það upp fyrir mér að ég vann eitt sinn í gróðrarstöð í Hveragerði. Við vorum að glerja nýtt gróðurhús. Í mínum hópi voru strákar og þeir unnu nákvæmlega sömu vinnu og ég. Síðan kemst ég af því fyrir tilviljun að ég fékk miklum mun lægra kaup en þeir. Fékk trúlega svonefnt „kvennakaup“ og það var sko ekki verið að fela það neitt í þann tíð! Samt lá það í loftinu að ég væri snöggtum afkastameiri en strákarnir og héldi mér betur að verki en þeir. Þetta féll mér alls ekki þannig að ég stika beina leið til yfirmanns gróðurhússins og sagði honum að ég væri ekki sátt við þetta. Niðurstaðan var sú að ég fékk sama kaup og þeir en

einungis á meðan verið var að glerja og síðan fékk ég bara sama gamla „kvennakaupið“. Það breyttist ekkert við þessa uppsteit í mér. Mér þykir trúlegt að hún mamma mín hafi líka verið á „kvennakaupi“ en hún vann á Elliheimilinu í Hveragerði. Ég man ekki til þess að mamma hafi unnið utan heimilis nema eftir að pabbi dó.

Mamma okkar var einstök kona. Alltaf ljúf og góð með léttu lund. Hún hélt vel utan um hópinn sinn á allan hátt. Það hefur ábyggilega stundum þurft mikinn dugnað og innri styrk til. En mamma hafði það til að bera þó hún væri ekki heilsuhraust. Hveragerði er góður staður að búa í og ala upp börn og Hvergerðingar reyndust okkur svo sannarlega vel. Nýlega fundust gögn sem sýndu að þegar pabbi minn dó söfnuðu Hvergerðingar peningum fyrir fjölskylduna og sýndu þar ..einkar mikla hlýju og samstöðu til handa ungri ekkju með sex börn. Ég vissi ekkert um þetta fyrr en bara nýlega.

Faldi mig undir píanóinu

Hvað ætlaði ég að verða þegar ég yrði stór? Þú segir nokkuð! Auðvitað datt manni ýmislegt í hug. Ég get t.d. sagt frá því að það var alltaf eitthvert leikrit eða atriði æft upp fyrir t.d. fyrir árshátíðir skólanna eins og gengur og gerist. Eitt sinn var verið að velja leikara, þá var ég 11 ára. Ég ætlaði sko ekki að láta velja mig í neitt leikrit eða skemmtipátt og faldi mig vel og vandlega bak við píanó skólans í stóra salnum. En ég var bara tosuð undan píanóinu sama hvað ég sagði og fyrsta hlutverkið mitt var að leika Gutta í Guttakvæði. Árlega eftir það alla skólagönguna var ég á sviðinu þegar árshátíð skólans var haldin. Ég tel að þetta hafi verið mér til góðs. Ég var frekar feimin að upplagi og það lagaðist ansi mikið við þessa upplifun og reynslu.

Eftir að ég byrjaði í framhaldsskóla á Selfossi var ég beðin að taka að mér hlutverk Penelopu Toop í leikritinu Klerkar í Klípu eftir Philip King. Það vakti vægast sagt feikna lukku og var okkur mikið ævintýri. Það var sýnt mörgum sinnum í Hveragerði, í Hlégarði í Mosfellssveit, úti á Seltjarnarnesi og víðar. Við slógum eiginlega í gegn. Síðan hef ég ekki stigið á svið. Svo ég hélt auðvitað að ég hlyti að vera rosalega góð leikkona og hafði um tíma mikinn hug á að fara þá leið. Það varð nú ekki.

Ég má samt ekki gleyma því að ég var valin Fjallkona Hveragerðis árið 1973. Ég flutti ljóðið Ísland eftir Pál J. Árdal. Það var líka heilmikið ævintýri. En eitt get ég sagt. Mig langaði lengi vel til að verða kaupfélagsstjóri. Fannst það hlyti að vera bæi flott og spennandi starf. Sótti tvisvar um í Samvinnuskólanum á Bifröst en fékk neitun í bæði skiptin. Sennilega hefur pólitíkin



eitthvað ráðið um það því ég var auðvitað alin upp af sjálfstæðisfólki, sem segir þó ekkert til um hver afstaða mín var í því efni hvorki þá né síðar.

Að þessu sögðu, þá kemur í hug min að eins og margir vita bjó Jóhannes úr Kötlum, skáld og þekktur kommúnisti, nokkuð lengi í Hveragerði. Hann og Hróðný Einarsdóttir, kona hans, voru mikið vinafólk foreldra minna. Ég hef aldrei heyrt að það væri nokkur brestur í þeirri vináttu þrátt fyrir afar ólíkar stjórnmalaskoðanir!

Ég vann um tíma á þeim fræga stað Eden í Hveragerði í eldhúsinu og við þjónastörf. Ég man hvað ég undraðist þegar ég var sett yfir í eldhúsinu þegar yfirmaðurinn þurfti að fara í frí. Ég var yngst af þeim sem unnu á svæðinu. Ég hafði ekki sóst eftir því en einhvern veginn hefur það oft verið þannig í mínu lífi að það að vera stjórnandi hefur bara komið til mín. Ég hef tekið því og reynt að gera mitt besta. Þetta virðist elta suma.

Guðrún Erla lauk námi frá Grunnskólanum í Hveragerði og Framhaldsskólanum á Selfossi. Hún flytur að heiman árið 1973, þá 19 ára gömul, og hóf nám í Lindargötuskólanum í Reykjavík og útskrifaðist síðar frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1977. Lauk diplómanámi í ABC conceptet frá Vejle fjordcentret í Danmörk árið 1997. Lauk síðan árið 2001 B.S. gráðu frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Hún vann á gjörgæsludeild Landsspítalans 1977-1981, þar af eitt ár sem aðstoðardeildarstjóri. Hún var yfirhjúkrunarfræðingur hjá Heilsugæslustöð Grundarfjarðar frá 1981-1983, deildarstjóri á Bæklunardeild Landspítalans 1983-1988 og síðan hjúkrunarforstjóri á Sjálfsbjargarheimilinu Hátúni 12 í Reykjavík frá árinu 1988 til ársins 2018. Hún lauk kennsluréttindum í skyndihjálp til að kenna starfsmönnum Sjálfsbjargarheimlisins og annaðist einnig um skeið kennslu hjálparliða. Hún kenndi einnig umönnun fatlaðra í Námsflokkum Reykjavíkur í Miðbæjarskólanum.

Auk formlegs náms hefur Guðrún Erla sótt fjöldan allan af ráðstefnum ár eftir ár víða um heim í tengslum við starf sitt, allt frá Hanaholmen í Helsingi til San Antonio í Texas. Hún segir allar þessar ráðstefnur hafa verið gefandi, nýjar hugmyndir hafi vaknað, ný sýn birst og góð orka skapast til að halda áfram í starfi. Guðrún Erla hefur víða komið við á vinnumarkaði eins og flestir Íslendingar. Gerðist meira að segja heildsali um skeið!

Sambýlismaður Guðrúnar Erlu var Friðrik H. Ólafsson, tannlæknir, f. 25. sept. 1946 d. 23. feb. 2012. Dóttir hennar er Elísabet f. 15. febrúar árið 1980 og börn hennar eru Guðrún Erla f. 18. júlí 2004 og Hilmir Snær f. 7. des. 2005.

En árið 1988 var auglýst eftir hjúkrunarforstjóra við Sjálfsbjargarheimilið í Reykjavík. Guðrún Erla sótti um starfið og fékk. Eins og ég sagði þér þá vildu þeir mig ekki á Samvinnuskólanum á Bifröst! Þar fauk sem sagt kaupfélagsstjórinn! En hvernig svo sem það var þá hef ég aldrei séð eftir því að líf mitt skuli hafa snúist á þennan veg.

Sjálfsbjargarheimilið var opnað þann 7. júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg Landssambandi fatlaðra. Aðdragandinn að byggingunni á sér langa og merka sögu en skóflustungan var tekin árið 1966 við hátíðlega athöfn. Það var stórkostlegur áfangasigur þegar Sjálfsbjargarheimilið var opnað. Þeir sem ruðu brautina mega aldrei gleymast og munu ekki gleymast.

Heimilið hét fyrstu árin Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar en því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið. Ég tók sem sagt við störfum af Sigríði M. Stephensen hjúkrunarfræðingi sem var stjórnandi heimilisins frá opnun til þess dags sem hún hætti störfum vegna aldurs. Á hennar tíma gerðist gífurlega margt. Einungis það eitt að koma heimilinu í gang var afrek út af fyrir sig. Það var mörgu hrundið af stað. Sem dæmi má nefna að sjúkræþjálfun komst á árið 1978, vísir að dagvist árið 1979 og sundlaugin sem var opnuð árið 1981 á Alþjóðaári aldraðra var mikill áfangi.



Guðrún Erla með samstarfsfólki á góðri stund.

Rugga bátnum varlega

Þegar ég hóf störf hjá Sjálfsbjargarheimilinu má segja að kominn hafi verið nýr tími sem kom m.a. fram í mjög svo breyttum viðhorfum gagnvart fötluðu fólki. Nýtt fólk og nýr tími er hin stöðuga nauðsynlega hringrás. Það voru þeir Theódór A. Jónsson og Jóhann Pétur Sveinsson sem réðu mig til starfa og þeir og stjórnin öll vildi að ég færi til Danmerkur að kynna mér hliðstæð heimili þar í landi en Danir voru og eru mjög framarlega á þessu sviði. Ég hafði sko ekkert á móti því. Þessi námsferð stóð í þrjár vikur. Hún var mér gífurlega lærdómsrík og gaf mér svo sannarlega byr undir báða vængi í starfinu. Þarna fékk ég alls konar hugmyndir og kynntist m.a. alls kyns tækninýjungum sem margar hverjar voru okkur sem fyrirmynd ásamt öllu því sem okkur kom bara sjálfum í hug í dagsins önn, við okkar aðstæður hér heima.

Eftir að ég kom aftur heim gaf ég mér góðan tíma til að kynnast heimilinu, kynnast daglegum störfum, kynnast heimilisfólkinu, kynnast starfsmönnum og aðstandendum. Ég fékk þá þegar nokkuð ákveðna sýn á hvert skyldi stefna. Fyrir var á heimilinu mikil reynsla og þekking bæði meðal íbúa og starfsmanna sem hægt var að sækja í. Ég var svo heppin að Ásta Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur sem þekkti starfið á heimilinu út í gegn frá byrjun féllst á að vera aðstoðarmaður minn. Til að gera langa sögu stutta skapaðist fljótt gott vinnuteymi sem í voru: Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri heimilisins, Valerie J. Harris iðjuþjálfari, Erla Jónsdóttir félagsráðgjafi og svo ég. Segja má að ráðning félagsráðgjafa, ein og sér á þessum árum, segi nokkuð til um viðhorf okkar til starfseminnar á heimilinu. Slíkt þótti nýmæli.

Við vorum hópur sem stóð fast saman. Við hvikuðum aldrei frá þeirri heildarsýn sem lagt var upp með. Við vildum auka lífsgæði íbúanna, auka sjálfræði fólks, skapa möguleika á eðlilegri

samveru heimilisfólks, auka sameiginlegt rými og styrkja sambandið milli heimilisfólks, starfsmanna og ættingja þeirra og vina.

Það er alltaf erfitt að standa fyrir breytingum og þeir sem taka við stjórnun hverju sinni verða að gera sér ljóst að allar breytingar, ekki síst á svona fjölmennum vinnustað, með þjónustu fyrir fólk sem margt hvað á undir högg að sækja, geta verið verulega erfiðar öllum. Það þarf því að fara hægt af stað, kynna fyrirhugaðar breytingar vel og rökin fyrir þeim, þannig að allir séu vel upplýstir um hvað er í pípunum hverju sinni. Rugga bátnum sem minnst og gefa fólki tíma til að melta nýjar hugmyndir og aðlagast þeim breytingum sem gerðar eru hverju sinni. Þetta á auðvitað við bæði heimilismenn og starfsfólk.



Guðrún Erla og Tryggvi

Starfsmenn eru sérlega mikilvægir í upphafi slíkrar vinnu. Ánægðir starfsmenn, starfsgleði þeirra, viðhorf og líðan smitar yfir á heimilismenn. Þar byrjuðum við og þó ekki alveg! Þegar ég kom til starfa voru teppi alls staðar á öllum gólfum og í herbergjum. Teppi á gólfum voru í mikilli tísku á áttunda áratugnum. Við létum taka af öll teppi af í húsinu og leggja dúk í staðinn. Það varð ekki einungis betra loft á heimilinu heldur miklu bjartara yfir öllu.

Rósóttu stígvélin

Við reyndum að gera það sem í okkar valdi stóð til að auka þekkingu og starfsgleði starfsmanna. Þeir unnu erfitt starf, sem oft gat tekið verulega á, bæði líkamlega og andlega. Starfsdaga héldum við einu sinni á ári, oftast að hausti. Þá var farið út úr húsi til að upplifa nýja hluti saman, vinna sama, fræðast saman, borða saman og spjalla mikið. Oft fengum við til okkar fræðimenn og reynslumikið fólk sem fræddi okkur og nærði með þekkingu sinni. Við borðuðum alltaf á mjög glæsilegum stöðum, það var ekki eins almennt fyrstu árin mín á heimilinu að fólk færi út að borða. Það var verulegur lúxus! Ég man við borðuðum t.d. á Hótel Borg, Hótel Holti, Jómfrúnni og svo auðvitað í Hörpu. Starfsmenn voru frá upphafi svo margir að það þurfti að skipta þeim upp í tvo hópa þegar farið var í þessar skemmti- og fræðsluferðir.

Árlegur heilsueflingardagur var í boði hjúkrunarfræðinga og félagsráðgjafa, þar sem blóðþrýstingur, blóðfita, blóðsykur, fituprósentu og BMI var mælt og í tengslum við þennan dag buðum við starfsmönnum upp á herðanudd, slökun, yoga o.fl. Um tíma var starfræktur gönguklúbbur og gafst starfsmönnum sem það vildu og gátu að fara í snarpan göngutúr í hádeginu. Þeim stóð einnig til boða að nýta sér sundlauginu á ákveðnum tímum. Árshátíðir íbúa og starfsmanna var árlegur viðburður, fyrst voru allir saman í matsalnum, síðan í nýja sal dagvistar. Síðustu árin fórum við aftur til baka í matsalinn með þessar skemmtanir og Garðar Halldórsson kokkur og hans starfsmenn buðu uppá dýrindis krásir og skemmtanir voru skipulagðar af íbúum og starfsmönnum á sameiginlegum fundum. Allir voru glaðir í sínu fínasta þússi og dönsuðu við undirleik hljómsveitar hússins sem Einars Andrésón stjórnaði. Það skiptir miklu máli að hafa gaman saman.

Við lögðum mikla áherslu á að auka fagmennsku starfsmanna á ýmsan hátt, fengum fleiri sjúkraliða til starfa og ég hvatti starfsmenn eins og ég gat til að læra meira, ná sér í meiri menntun sem tengdist starfinu t.d. hjálparliðanám, félagsliðanám og sjúkraliðanám. Það má nefna sem dæmi um breytingar að það var lagður niður stífur einkennisbúningur starfsmanna. En starfsmenn þurftu auðvitað áfram að vera í hlífðarfatnaði t.d. við böðun. Komið var á fatastyrk fyrir starfsmenn í staðinn.

Afstaða okkar var að Sjálfsbjargarheimilið væri fyrst og fremst heimili íbúanna en ekki bæri að líta á það sem stofnun. Það var nú samt ekki algjör samstaða um einkennisbúningamálið. Þar fannst sumum of langt gengið í breytingum þá man ég allt í einu eftir því að stígvélin sem starfsmenn voru í við böðun voru öll hvít eins og í frystihúsi. Frétti ég þá ekki nema hvað, að hægt væri að fá rósótt stígvél í alls kyns litum í einni verslun í bænum ég af stað og keypti fullt af litfögum stígvélum með alls kyns rósamunstri í öllum helstu númerum. Við hönnuðum innra skipulag heimilisins, fundahöld og upplýsingastreymi þannig að allir gætu átt kost á að koma að málum jafnt heimilismenn sem starfsmenn þó á mismunandi hátt væri. Það eru lykilorð í breytingstjórnun að starfa á lýðræðislegum jafnréttisgrunni. Innlagnarbeiðnir og skammtímadvalir voru að vísu nánast algjörlega á minni könnu. Þá fór ég fór sjálf á vettvang, kynnti mér stöðuna, ræddi við fólkið, fagaðila og aflaði þeirra upplýsinga sem til þurfti.

Það komu vissulega upp efasemdaraddir bæði hjá starfsmönnum og heimilisfólki um ýmsar þær breytingar sem við gerðum öll þessi þrjátíu ár. Sérstaklega þegar við byrjuðum að rugga bátum að einhverju marki. Það kom því miður fyrir að starfsmenn vildu ekki taka þátt í breytingunum. Það bar að virða og við virtum það.

Starfsmannamál eru ávallt mikill hluti af starfi stjórnenda. Eðlilega! En það er eins einfalt og það er; að ef þú ert með starfsmenn sem vita og skilja hvert er stefnt og eru ánægðir í vinnunni, þá ertu í góðum málum.

Starfsgleði og lífsgæði

Þegar ég lít til baka þá er árið 1995 tímamótaár í mínum huga því þá fór í gang langþráð verkefni sem við nefndum: „Aukin lífsgæði íbúa, aukin starfsgleði starfsmanna“. Ég er mjög stolt af því verkefni. Við höfðum lagt fram gífurlega mikla forvinnu í lengri tíma við að koma á blað hugsunum og hugmyndum okkar að framtíðarsýn í skrefum fyrir alla starfsemi heimilisins. Síðan tók auðvitað við önnur eins vinna og ekki minni í að koma hugmyndum okkar í framkvæmd á næstu árum. Þetta var hins vegar allt skemmtilegt og okkur leiddist aldrei hvorki í allri forvinnunni né í framkvæmdinni sjáfrí. Já en þetta ber ekki að skilja sem svo að engar breytingar hafi verið gerðar þar til þetta merka ár 1995 - öðru nær - við vorum alla tíð að vinna að því að gera Sjálfbjargarheimilið að betra heimili fyrir íbúana og betri starfsstað fyrir starfsmennina eins og forverar okkar.



Sem dæmi má nefna að árið 1989 sköpuðum við gott rými fyrir skammtímadvöl og árið 1990 var fyrsti iðjuþjálfinn ráðinn þ.e. Valerie J. Harris sem voru vissulega tímamót. Árið 1993 var síðan endurhæfingaríbúðin tekin í notkun. Það var stór dagur. Dagvist var opnuð árið 1979 og allt frá árinu 1989 hefur verið boðið upp á hvíldarinnlögn. Setustofurnar urðu að raunveruleika árið 1999. Ný og sjálfstæð Dagvist Sjálfbjargarheimilisins opnuð

árið 2002 með mikilli viðhöfn, en þá sameinaðist iðjuþjálfadeildin dagvistinni. Það var einnig mjög stór stund árið 2003 þegar sjálfstæðri búsetu með stuðningi var komið á sem hefur verið mikil áhersla lögð á æ síðan. Svo má ekki gleyma Þekkingarmiðstöð SBH sem stofnsett var árið 2012 og árið 2017 varð Hjálpartækjaleigan eitt af verkefnum hennar. Svona má eiginlega lengi telja.

Ekki má gleyma samskiptum við Dani, forstöðumenn á heimilinum fyrir fatlaða í Danmörku við vorum í nánnum samskiptum, funduðum árlega, einnig fóru íbúar og starfsmenn saman í ferðalög til tiltekinna heimila og voru þar íbúaskipti eða herbergjaskipti eftir atvikum. Þetta var mjög lærdómsríkt. Einnig komu dönsku kollegar okkar í heimsjókn til Íslands og tókum við á móti þeim með eftirminnilegum hætti. Fórum meðal annars í glæsta för upp á sjálfan Snæfellsjökul.

Alltaf nóg að stússa

Það var sem sagt alltaf mikið í gangi hjá okkur og það líkaði mér vel. Kann vel við mig í miklu stússi. Það voru t.d keypt ný rúm með loftdýnum til að forðast legusár, því ef þau koma fylgir því mikill vinna og hjúkrun sem er kostnaðarsamt. Enda fór svo að þótt rúmin þættu dýr þá borguðu sig fljótt upp. Það var mikil breyting þegar lyftararnir komu til sögunnar til að koma fólki í og úr rúmi úr hjólastólum og einnig til að lyfta fólki í og úr baði. Allt þetta gerði það að

verkum að þau auðvelduðu starfsfólki verulega mikið störf sín og voru einnig betri fyrir heimilismenn. Svona fyrirbyggjandi aðgerðir á ýmsum sviðum sem eru dýrar í upphafi borga sig alltaf með tímanum.

Lítið dæmi, eða kannske stórt eftir atvikum, um breytingu gagnvart heimilismönnum var sá að áður var lokað fyrir morgunmat kl. 9:30. Þetta hentaði vitanlega ekki öllum. Við breyttum því þannig að fólk gat komið hvenær sem það vildi, þess vegna um hádegisbil. Þetta líkaði heimilisfólki afskaplega vel. Fólk er mismunandi árrisult og suma langar einfaldlega alls ekki í morgunmat fyrr en liðið er á morguninn. Það hafði ekki verið gert ráð fyrir miklu sameiginlegu rými í elsta byggingakjarnanum. Herbergin sem heimilismenn áttu kost á í upphafi voru ekki nema 12.5 fermetrar sem er vægast sagt lítið rými, hvað þá ef einhver kæmi nú í heimsókn. Salerni og bað var frammi á gangi. Það þótti ekkert tiltökumál í upphafi.

Smám saman voru sameinuð tvö herbergi á hverri hæð og til urðu reglulega huggulegar setustofur. Það hafði í för með sér að heimilisfólk kom meira saman og gat boðið gestum sínum upp á huggulegra umhverfi. Ég trúi því að þessi breyting hafi verið ákaflega góð, einkum þó félagslega séð fyrir alla aðila. Nú er staðan þannig að allir þeir sem búa í sjálfstæðri búsetu með stuðningi eru fluttir í íbúðir með eldhúskrók og salerni, þeir sem enn eru á heimilinu á hæðunum þurfa að deila salerni að hluta til. Ég trúi því líka að það hafi haft góð áhrif á samfélagið á heimilinu að við komum því á að þegar einhver á heimilinu lést var stutt minningarstund í salnum. Það var farið með bænin, ég sagði nokkur orð og svo var boðið upp á kaffisopa. Þetta var var fólki auðsjáanlega mikils virði. Smáu atriðin geta stundum verið stór svo sannarlega!

Auðvitað þurfti oft að takast á við erfiða hluti, taka erfiðar ákvarðanir. Sjálfsbjargarheimilið er heimili þess fólks sem þar býr. Heimili fólks er dýrmætt hverjum og einum. Þetta er mitt heimili og þú skalt ekki vera að rugga því neitt. Mjög skiljanlegt! Ég var alls ekki alltaf vinsæl enda er maður ekki ráðin í þetta starf til þess að vera það. Þannig lagað. En ég held ég geti verið afar sátt í því efni, sérstaklega þegar ég hugsa til þeirra miklu elskulegheita sem heimilismenn og starfsmenn sýndu mér ávallt. Ég tala nú ekki um þegar ég hætti störfum. Það var alveg algjörlega stórfenglegt! Ég gleymi þeim degi seint. Ég var leyst út með dýrindis gjöfum í herlegri veislu og síðast en ekki síst sæmd sjálfu Gullmerki Sjálfsbjargar.

Stofnun ársins 2014

Ég er mjög ánægð með að geta sagt með stolti að við sáum umtalsverðan árangur af stefnu okkar og störfum með árunum. Það var því okkur öllum mikið gleðiefni þegar Sjálfsbjargarheimilið hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun árið 2006, árið 2008, árið 2009 og árið 2013. Síðan hlaut heimilið viðurkenninguna Stofnun ársins árið 2014. Þetta er árleg viðurkenning á vegum SFR Stéttarfélags í almannatjónustu og það þykir mikill heiður að njóta hennar. Þetta var líka í fyrst sinn á landinu sem heilbrigðisstofnun hlaut þennan titil.

Enda var það svo að Sjálfsbjargarheimilið hefur ávallt haft innan sinna veggja einstaklega hæfa starfsmenn á öllum sviðum og ég er þakklát fyrir að hafa fengið að starfa með þeim.



Elísabet og börn hennar Guðrún Erla og Hilmir Snær

Hvers vegna ég sé að hætta núna? Það var mitt val, var algjörlega tilbúin að hætta eftir 30 ára yfirmannsstarf á heimilinu, það tekur sinn toll, en á móti kemur að ég hlakkaði alltaf til að mæta í vinnu á hverjum einasta degi. Ég man ekki eftir því að mér hafi nokkurn tíma leiðst í vinnunni og þó það kom fyrir að mig langaði bara að leggjast á kotta en það stóð aldrei lengi. Ég er nú svona rétt að átta mig á hvernig lífið er án fastrar vinnu. Ég finn mér alltaf eitthvað til, held áfram að læra mína spænsku og svo bara þetta einfalda að njóta líðandi stundar með mínu fólki.

Hins vegar er því ekki að leyna að ég hef tekið að mér nokkur hjúkrunarstörf tímabundið á síðustu mánuðum. Ég kann því vel. Það breytist allt afskaplega mikið við að hætta störfum, verð ég að segja og núna gæti ég alveg hugsað mér að vera í hlutastarfi.

Nánast strax eftir að ég hætti störfum árið 2018 lagðist ég í langferð. Ég var búin að vera í hálf ár í „Evrópureisu“, hafði þá þegar upplifað sex lönd þegar Covid 19 reið yfir heiminn og við urðum að fara heim. Engin miskunn með það.

Já, ég má ekki gleyma því að ég er í fjarbúð ég á mér nefnilega „ástmann“ hann heitir Sigurður Karlsson, þýðandi, leikari og leikstjóri já, sem sagt ákkúrat einmitt sá sem leikstýrði „Klerkum í klípu“ hér um árið í Hveragerði. Við fórum saman í Evrópureisuna. Við erum svo heppin að búa bæði hér í Fossvogsdalnum í Reykjavík svo það er stutt að skjóttast á milli. Mjög notalegt. Við ætlum svo sannarlega að halda áfram að ferðast saman þegar Covid-19 fárinu linni.

Ásdís Skúladóttir ritaði 2021

